

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	14.4.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Halldórsson	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Sveinn/Almar/Gyða	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins í Íslenska Kalkþörungafélagið.

Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna sex eldri frávikna en enn er umgengni á lóð ábótavant. Í eftirlitinu voru staðfest þrjú ný frávik frá starfsleyfi og tveimur ábendingum var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Umgengni á lóðum og aðkoma.
- Innleiðing umhverfisstjórnunarkerfis
- Skráningar skv. grein 4.1
- Önnur mál.

1. Síðasta eftirlit fór fram þann 29. október 2020 þar sem að eitt nýtt frávik kom fram vegna styrkukningar svifefna í sjó í mælingum sem fram fóru í október-nóvember 2020. Umhverfisstofnun óskaði eftir nánari greiningu á virkni hreinsivirkis, hávaða og styrkukningu svifagna. Rekstraraðili hefur vísað í að hávaði stafi af annarri starfsemi á svæðinu og að styrkukning svifagna sé vegna annarra athafna en af starfsemi Kalkþörungafélagsins. Úrbótum fráviks er varðar ráðstöfun fínefnis í viðurkenndan farveg er lokið. Eldri birgðum af fínefnum hefur verið ráðstafað í landmótun við aflagða námu í samræmi við leyfi sveitarfélagsins. Það sem fellur til er sent erlendis í áburðarframleiðslu. Fráviki varðandi umgengni á lóð var lokað í bréfi dags. 30. janúar sl. með fyrirvara um að farið yrði yfir umgengnina í næsta reglubundna eftirliti.

2. Framkvæmdir standa yfir í verksmiðjunni þar sem að unnið er að því að setja upp nýjan þurrkara og pokahreinsivirki í verksmiðjuhúsinu. Töluvert magn af byggingarefni og varahlutum er á lóðinni og girðing hefur verið fjarlægð að hluta til við vesturenda versmiðjuhússins. Á lóðinni voru tankar (bambar) með óþekktum vökva sem þarf að koma í viðeigandi förgun. Huga þarf að lokun lóðar í samræmi við ákvæði starfsleyfisins um lokun athafnasvæðisins.

3. Innleiðing á umhverfisstjórnunarkerfi í verksmiðjunni var kynnt fyrir eftirlitsmönnum. Helstu verkþættir hafa verið skilgreindir og gengur innleiðing meðal starfsmanna ágætlega. Unnið er að umhverfismarkmiðum sem fyrirtækið hefur sett sér varðandi vatnsnotkun, olíunotkun og að draga úr úrgangi (sorpi).

4. Farið var yfir skráningar skv. grein 4.1. Eftirlitsaðili óskaði eftir upplýsingum um kvörðun og prófun hávaðamælis. Mæling í útblæstri var framkvæmd 24. mars 2021 og niðurstöðurnar voru afhentar í eftirlitinu, næstu svifagnamælingar voru fyrirhugaðar í maí og næsta mæling á setmyndun í hafsbotni er fyrirhuguð 2022.

5. Rekstraraðili var minntur á ákvæði í gr. 3.3. í starfsleyfi sem kveður á um að setja skuli upp vindbrjóta innan þriggja ára frá útgáfu starfsleyfi, sem er þá fyrir lok janúar 2024. Unnið er að hönnun vindbrjótanna í samvinnu með verkfræðistofunni Vatnaskilum. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2020 var skilað 20. maí 2021.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Grein 4.5 í starfsleyfi og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald

Skila skal grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir rekstrarárið á undan. Grænu bókhaldi fyrir 2020 var skilað 20. maí sl.

Grein 4.5 í starfsleyfi og reglugerð nr. 990/2008 um ústreymsbókhald

Skila skal ústreymsbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir rekstrarárið á undan. Ústreymsbókhaldi fyrir 2020 var skilað 20. maí sl.

Grein 3.3 í starfsleyfi og reglugerð nr. 884/2017.

Olíutunnur voru án viðeigandi lekavarna á lóðinni. Frágangur lóðar skal vera snyrtilegur og engin mengandi efni mega leka í jarðveg. Eldsneyti skal geymt í geymum með lekavörn.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili er hvattur til að koma úrgangi jafnóðum í viðurkenndann farveg og forðast uppsöfnun hans á lóð fyrirtækisins.

Vegna framkvæmda hefur girðing verið tímabundið fjarlægð að hluta til. Rekstraraðili er minntur á ákvæði starfsleyfisins að geymslur utandyra skulu vera afgangar eða á annan hátt lokaðar, þar sem óviðkomandi er bannaður aðgangur.

ANNAD

Nýtt starfsleyfi fyrir aukinni framleiðslu upp að 120.000 tonnum á ári var gefið út 29. janúar 2021 og gildir til 29. janúar 2037.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.08.2021


Halla Einarsdóttir

